



Reykjavík, 11. febrúar 2013

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Nefndarsvið Alþingis

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1500
komudagur 11.2.2013

Umsögn: þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020; mál 470.

SÁÁ telur tímabært að sett verði markmið um að eyða aðstöðumun í velferðarkerfinu þannig að það fólk sem glímur við áfengis- og vímuefnasýki, geðraskanir og annan geðrænan vanda sitji við sama borð og fólk sem glímur við aðra sjúkdóma. Þetta á við um veikindarétt fólks á vinnumarkaði, réttindi og stuðnings til náms, aðgengi fólks að réttri greiningu og réttri meðferð við sjúkdómi sínum, endurhæfingu og stuðningi til bata og virkni í samfélaginu. Jafna þarf réttindi allra sjúklinga þar sem það á við og taka tillit til sérstöðu þess fólks sem glímur við geðrænan vanda þar sem lög, reglugerðir og fjárframlög er fyrst og fremst mótað að þörfum fólks með aðra sjúkdóma og aðrar þarfir.

SÁÁ telur að sú velferðarstefna – heilbrigðisáætlun sem hér er til umsagnar gangi allt of skammt hvað þetta varðar.

SÁÁ gerir alvarlegar athugasemdir við kafla B.4 Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir. Þar eru engin markmið, mælikvarðar eða aðgerðir til að auka aðgengi að meðferð við áfengis- og vímuefnasýki eða efla slíka meðferð; þótt ljóst sé af reynslu Íslendinga og annarra þjóða; að það séu ódýrustu og árangursríkustu aðgerðirnar til að draga almennt úr neyslu áfengis- og vímuefna og minnka skaða vegna neyslunnar gagnvart einstaklingum, fjölskyldum, börnum og samfélaginu öllu.

Þá gerir SÁÁ sérstaka athugasemd við lið nr. 3 í aðgerðum við þennan sama kafla, B.4 en þar segir: “Skoðað verði hvort hækka eigi hlutfall af innheimtu áfengisgjaldi og hlutfall af brúttósölu tóbaks sem rennur til Lýðheilsusjóðs.”

Hið svokallaða tappagjald, 1% af áfengisgjaldinu, var lagt á um miðja síðustu öld til að bæta aðstöðu veikustu áfengissjúklinganna; þeirra sem dæmdir voru til gæsluvistar. 1% af áfengisgjaldinu rann lengst af til Gæsluvistarsjóðs og var notað til að byggja upp Gunnarsholt, Víðines og önnur heimili fyrir langt leidda alkóhólista. Stofnendur SÁÁ töldu eðlilegt að þetta gjald rynni til uppbyggingar áfengismeðferðar, þegar samtökunum hafði tekist að benda á ómannúðlegar aðferðir gæsluvistarkerfisins og sýnt fram á árangur af áfengismeðferð, en af því varð ekki. Í stað að nota féð til að bæta aðstöðu verst settu sjúklinganna var fénu beint í nýjan sjóð, Forvarnarsjóð, sem



Útdeildi fé fyrst og fremst til þriðja stigs forvarna, einkum þeirra sem beindust að ungmennum og fyrst og fremst til að fræða þau um áhrif ólöglegra vímuefna.


Allt frá þessari ákvörðun hefur aðstaða verst settu áfengis- og vímuefnasjúklingana versnað. Þessi hópur er í dag án vafa sá sjúklingahópur á Íslandi sem býr við veikustu úrræðin, verstu kjörin og mestu fordómanna.

Fyrir rúmu ári var reglugerð um Forvarnarsjóð síðan breytt og kallast sjóðurinn nú Lýðheilsusjóður og hefur hann heimild samkvæmt reglugerð að styðja verkefni á öllum sviðum heilbrigðis; ekki einungis áfengis- og vímuefnamálum. Þar sem rannsóknir hafa sýnt að áfengis- og vímuefnasjúklingar og ofneyslufólk stendur undir langstærstum hlusta af áfengissölnunni, og þar með áfengisgjaldinu, telur SÁÁ það skyldu ríkisins að nýta þetta gjald fyrst af öllu til að stórefla þjónustu til áfengis- og vímuefnasjúklinga; ekki síst þess fólks sem er lengst gegnið með sjúkdóminn. En einnig til að þróa úrræði fyrir börn áfengis- og vímuefnasjúklinga, sem eru ekki aðeins þolendur sjúkdómsins án þess að bera neina ábyrgð á honum; heldur líka sá hópur barna sem líklegastur er til að þróa með sér áfengis- og vímuefnasýki auk annarra geðrænna og líkamlegra sjúkdóma og félagslegs vanda.

SÁÁ getur því ekki stutt tillögu um þessa aðgerð. Hún er í senn óréttlát og ómarkviss.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SÁÁ, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann


Gunnar Smári Egilsson, formaður